

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025



STUÐLUM ÁVALLT AÐ FAGLEGRI VINÁTTU



Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

ÆSKULÝÐSSTARF Í FORGANGI

Samkvæmt öllu innan þjóðkirkjunnar þá á æskulýðsstarf að vera í forgangi – og er það löngu vitað að þegar barna- og æskulýðsstarf er í blóma þá er eins og allt ljómi. Það eru engar nýjungar. Því miður hef ég ekki verið mikið til staðar í svæðisstjórástöðunni árið 2024 – þó að mig hafi langað á stundum þá var það ekki gerlegt. Auðvitað hafa hjólin náð að snúast þrátt fyrir mína fjarveru – því það kemur alltaf maður í manns stað. Barna- og æskulýðsstarf er eitthvað sem er í sífelldri endurskoðun. – Það kemur inn nýtt efni á Efnisveitunni – svo eitthvað sé nefnt og síðan hafa sóknirnar það ábyrgðarhlutverk að halda úti barna- og æskulýðsstarfi í formi reglulegra samvera allan veturinn, styttri námskeiða, kórastarfi eða einhvers konar samstarfi á milli sókna.

Ef að svæðisstjóri æskulýðsmála getur verið sem styðjandi ráðgjöf og eða getur aðstoðað kirkjustarfsfólk með einhverjum öðrum hætti – þá er markmiðum náð – burt séð frá einhverri stærðargráðu. Þó verður að taka fram að sjálf safnaðaruppbyggingin verður að vera að frumkvæði sóknanna. Ef svæðisstjóri æskulýðsmála á að geta sinnt þessu stóra svæði þá verður að vera samstarf og vilji til samstarfs. Það fyrsta sem ég teldi vera nauðsynlegt að gera á hverju ári – það er að senda nöfn og netföng barna- og æskulýðsstarfsfólk til svæðisstjóra – þá er strax búið að skapa tengingu með tengiupplýsingum. Ég er ólýsanlega þakklát þeim sem það gerðu því það auðveldaði alla nálgun inn í samstarfið. Ég myndi telja það vera góða byrjun um leið og barna- og æskulýðsstarfsfólk er komið í hús. Það stendur í starfslýsingu svæðisstjóra að viðkomandi eigi að hafa frumkvæði að samstarfi – og er það vel – og þess vegna vil ég undirstrika mikilvægi þess að byrja á því að senda þessar mikilvægu tengiupplýsingar til að framfylgja þessu ákvæði í starfslýsingunni því þannig náum við að skapa sameiginlega ábyrgð.

Ég hef tekið eftir því að á þeim stöðum þar sem barna- og æskulýðsstarf er með fastráðið fagfólk á gólfinu – og í flestum tilvikum á ársgrundvelli – þar er barna- og æskulýðsstarf í fullum skróða. Einnig þar sem barna- og æskulýðsstarfsfólk getur einbeitt sér sérstaklega að starfinu – þ.e. að vera ekki með of marga bolta á lofti – þar er einnig staðfesta. Ég veit að sums staðar er lítið eða jafnvel

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

ekkert barna- og æskulýðsstarf – og er það miður – en yfirleitt eru eðlilegar skýringar á því. Það getur verið fjölmenningasamfélag í kringum sóknirnar – eða lág tala þjóðkirkjumeðlima eða aldurssamsetning sókna. Sumu getum við ekki breytt og það er í raun ekkert að því – en mikilvægast er að meta stöðuna árlega – með einhvers konar þarfagreiningu og þá að halda sér stöðugt við efnið og láta sig varða og reyna í sameiningu að finna lausnir í átt að uppbyggingu í barna- og æskulýðstarfi hverju sinni.

SKRIFSTOFAN

Skrifstofa svæðisstjóra æskulýðsmála er staðsett í Breiðholtskirkju. Hún varð fyrir valinu vegna staðsetningar sinnar, sem liggur miðsvæðis. Þannig að fundir og viðburðir, sem tengjast starfinu beint, eru að stórum hluta í Breiðholtskirkju. Nýtt auðkennismerki svæðisstjóra er mótað – og áherslurnar eru stoð, samvinna, stuðningur, sameining og samfélag. Það var vel við hæfi að hafa þessar áherslur í auðkennismerkinu því þær eiga að undirstrika starf svæðisstjóra æskulýðsmála í hnotskurn. Skrifstofan á að vera opin frá 10:00 til 14:00 alla virka daga – og þar fyrir utan er samkvæmt samkomulagi.

STARFSLÝSING

1. **STARFSHEITI:** Svæðisstjóri æskulýðsmála fyrir Kjalarnessprófastsdæmi og Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og vestra.
2. **SVIÐ:** Barna- og æskulýðssvið þjóðkirkjunnar.
3. **STARFSHEITI NÆSTA YFIRMANNS:** Prófastur fyrir Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.
4. **NÆSTI YFIRMAÐUR:** sr. Bryndís Malla Elíðóttir.
5. **STAÐGENGILL:** Staðgengil ákveður prófastur hverju sinni.
6. **MARKMIÐ OG TILGANGUR STARFSINS:** Tilsjón og heildaryfirsýn með barna- og æskulýðsstarfi. Yfirumsjón og eftirfylgni með ýmsum viðburðum á sviði æskulýðsmála á starfssvæðinu. Svæðisstjóri kynnir sér stefnumörkun og samþykktir

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

kirkjubings s.s. fræðslustefnu þjóðkirkjunnar varðandi kirkjulegt starf fyrir ungmenni og vinnur í samræmi við samþykktir héraðsnefndar.

7. **HELSTU VERKEFNI:** Samstarfs við æskulýðsstarfsfólk og mynda tengsl á milli þess, veita faglegan stuðning með styðjandi ráðgjöf og hafa frumkvæði að stofnun safnaðarstarfs fyrir börn og unglinga á starfssvæðinu – þar sem slíkt starf er ekki fyrir hendi. Svæðisstjóri tekur þátt í gerð fræðsluefnis.
8. **STJÓRNUNARLEG ÁBYRGÐ:** Sýna faglegan metnað og stuðla að sameiginlegri ábyrgð í barna- og æskulýðsstarfi á starfssvæðinu. Sjá til þess að öllum samþykktum viðburðum verði hrundið í framkvæmd – hvort sem að svæðisstjóri æskulýðsmála gerir það eða fær viðburðarstjóra til þess. Svæðisstjóri er með yfirumsjón með leiðtogaþjálfuninni og sér til þess að ungleiðtogaefnin fái sína útskrift í völdum guðsþjónustum í sínum söfnuði. Hugmyndin er að söfnuður taki á móti viðkomandi og prestur/djákni sjái um útskriftina sem sé skipulögð í samstarfi við svæðisstjóra æskulýðsmála. Gjafir og útskriftarskjal er á ábyrgð svæðisstjóra æskulýðsmála.
 - a. **AÐ BERA ÁBYRGÐ:** Stuðla að jákvæðum starfanda í átt að faglegri vináttu. Skapa tengingar á milli ungleiðtoga og safnaða.
 - b. **AÐ HAFA UMSJÓN MEÐ:** Viðburðum fyrir barna- og æskulýðsstarf og einnig fyrir æskulýðsstarfsfólk á svæðinu. Sjá til þess að viðburðum og mótum sé stjórnað af fagmennsku.
 - c. **AÐ VERA ÞÁTTTAKANDI Í:** Skipulagningu barna- og æskulýðsmóta – ásamt því að vera til staðar. Öll nálgun varðandi undirbúning og framkvæmd sé með vandvirkni að leiðarljósi og fagleg.
9. **ÞEKKING, FÆRNI, REYNSLA:** Yfirumsjón á svæðinu - með leiðtogaþjálfun Leiðtogaskóla Þjóðkirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stuðla að fræðslu fyrir æskulýðsstarfsfólk – eins og með fyrirlestrum ýmis konar og samverum. Veita umfram allt faglega ráðgjöf.

Lagt fram á héraðsfundum 2025

10. SÉRSTÖK VERKEFNI, TRÚNAÐARÁKVÆÐI, ÞAGNARSKYLDA: Svæðisstjóri æskulýðsmála hefur einnig tök á því að fara inn í sérstök verkefni eins og sem hluti af verkefni fræðara ef að viðkomandi hefur tök á því og ef svæðisstjóri metur það svo að út getur orðið gagnkvæmur ávinningur. Það skiptir máli að svæðisstjóri æskulýðsmála hafi ákveðið frelsi til að mynda tengsl ef svæðisstjóri metur svo.

Pangbakki 5 * 109 Reykjavík * ☎ 788 2243 * lisa@kirkjan.is * Útgáfudagur skjals: 22.09.2023

Heilt yfir litið er starfsslýsingin mjög góð – hún er yfirgripsmikil og væri fullkomnlega gerleg ef allar sóknirnar væru fullmannaðar og viðburðirnir taki ekki of mikinn tíma hvað varðar undirbúning. Svo það komi fram þá eru viðburðirnir mjög mikilvægir þegar um barna- og æskulýðsstarf er að ræða. En vegna þess að svæðisstjóri æskulýðsmála er ekki beinlínis viðburðarstjóri heldur sá sem á að virkja og efla fólk til að halda utan um viðburði – þá verðum við samt að hafa það inni í stóra samhenginu að við getum ekki ætlast til þess að kirkjustarfsfólk, sem vinnur í barna- og æskulýðsstarfi, sé að gefa vinnuna sína í tengslum við viðburðina – heldur væri enn þarfara að ráða viðburðarstjóra – sem væri einnig í nánú samstarfi við barna- og æskulýðsfélögin. Með því eru margar flugur slegnar í einu höggi – þ.e. að einn aðili sér um að skipuleggja viðburðina – sem ekki bara tengir börn og ungmenni saman heldur einnig kirkjustarfsfólkið – og þá er einnig möguleiki á því að hver og ein kirkja geti staðið vörð um sitt svæði í samstarfi við svæðisstjóra æskulýðsmála. Ef frumkvæðið og öll viðburðarframkvæmd á að liggja á herðum svæðisstjóra æskulýðsmála – þá er hættu á því að viðkomandi brenni hratt og örugglega upp. Barna- og æskulýðsstarf kallar á samstarf eins og sóknirnar þekkja svo mæta vel – og að kirkjustarfsfólk þarf að fá það rými til að einbeita sér að sinni kirkju og sínu svæði og þá í samstarfi við svæðisstjóra æskulýðsmála og svo hugsanlega viðburðarstjóra eins og stendur hér að ofan. Ég tel að þá séu líkurnar alltaf meiri að vel gangi og frumkvæðið deilist jafnt niður á alla – ekki bara hina framkvæmdaglöðu, sem svo hægt og rólega brenna upp. Ég veit að þetta er dramatísk lýsing – en er því miður sannleikanum samkvæm.

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

SEM STUÐNINGUR INN Í SÖFNUÐ

Hægt hefur verið að leita til svæðisstjóra, sem getur komið inn sem afleysing til skamms tíma – sér í lagi þar sem skipulagt starf er til staðar. Höfuðábyrgðin er alltaf sóknanna – þ.e. að svæðisstjóri kemur inn sem styðjandi ráðgjöf og styður við starf sem á að byrja eða starf sem er nú þegar til staðar. Ég var þeirrar gæfu aðnjótandi – þó það hafi ekki komið til af góðu – að vera beðin um að halda utan um litlubarnastarf í ákveðinni kirkju í nokkur skipti vegna veikinda verkefnastjóra æskulýðsstarfsins. Ég var einnig þeirrar gæfu aðnjótandi – að vera fræðari, sem svæðisstjóri æskulýðsmála, á þriggja daga fermingarnámskeiði að hausti í ákveðinni kirkju. - Mat ég það svo að verkefnið væri skilgreint undir lið 10 í starfslýsingu; þ.e. að – „Svæðisstjóri æskulýðsmála hefur einnig tök á því að fara inn í sérstök verkefni eins og sem hluti af verkefni fræðara ef að viðkomandi hefur tök á því og ef svæðisstjóri metur það svo að út gæti komið gagnkvæmur ávinningur. Það skiptir máli að svæðisstjóri æskulýðsmála hafi ákveðið frelsi til að mynda tengsl ef að svæðisstjóri metur það svo.“

VIÐBURÐARDAGATÖL

Sú nýjung varð að veruleika í samstarfi við ÆSKH og ÆSKP að búa til viðburðardagatal og dreifa til sóknanna. Hugmyndin var að svæðisstjóri myndi fara með viðburðardagatölin til allra sókna á starfssvæðinu – en því miður náðist ekki að fara til allra – vegna fjarveru af stórum hluta ársins 2024. Þau voru þó send á netföng kirknanna og sóknarnefnarformanna í kjölfarið.

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

Það var ekki bara búið til viðburðardagatal fyrir barna- og æskulýðsstarfið heldur einnig fyrir æskulýðsstarfsfólkið. Sjá myndir! Þessi viðburðardagatöl eru fyrir starfsárið 2024 til 2025. Orð eru til alls fyrst og það varð svo sannarlega þannig hvað þetta verkefni varðar. Því miður var ég lítið sem ekkert í undirbúningi þessara viðburða – sem fóru í framkvæmd vegna leyfis. En eins og fyrr segir orð eru til alls fyrst og ég er fullviss um að allir þessir viðburðir munu koma til framkvæmda þegar búið verður þannig um hnútana – mikilvægt er að gefast aldrei upp! Ég mæli einnig með því þegar nýr svæðisstjóri æskulýðsmála kemur til starfa – að viðburðardagatölin verði áfram notuð sem ein af mörgum góðum hugmyndum sem hafa sproutið fram í hugflæðisamtölum – til að koma í veg fyrir að verið sé að skipuleggja ofan í skipulag.

ÆSKULÝÐSSTARFSFÓLK VIÐBURÐADAGATAL 2024–2025				Sælir eru fríðflutjendur			
10. 08	12:00–15:00 LAUGARD. HALLGRÍMSKIRKJA ÆSKP tekur þátt í gleðigöngunni	09. 12	17:00–19:00 MÁNUD. BREIDHOLTSKIRKJA Kynning á efni Æskulýðsdagsins				
25. 08 – 01. 09	SUNNUD. – SUNNUD. LINDAKIRKJA Kirkjudagar	18. 01	10:30–19:00 LAUGARD. NESKIRKJA Janúarsmásköld ÆSKP				
01. 09	SUNNUD. 14:00–15:30 HALLGRÍMSKIRKJA Biskupsvígsla	02. 03	SUNNUD. KIRKJUR LANDSINS Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar				
02. 09	MÁNUD. 17:00–19:00 v. BREIDHOLTSKIRKJA Kynning á sunnudagaskólaefninu	24. 03	MÁNUD. 17:30–19:30 HOLTAVEGUR 28 Verndum þau / Æskulýðsvettvangurinn				
11. – 13. 10	FÖSTUD. – SUNNUD. VINDÁSHÉLD LeiðtogaMöt ÆSKP	11. 04	FÖSTUD. 18:00–21:00 ARSHÁTÍÐ AUGLÝST SÍÐAR				
25. 11	MÁNUD. 17:30–19:30 HOLTAVEGUR 28 Samiskipti og síðareglur / Æskulýðsvettvangurinn						
							

BARN- OG ÆSKULÝÐSSTARF VIÐBURÐADAGATAL 2024–2025				Sælir eru fríðflutjendur			
10. 08	12:00–15:00 LAUGARD. HALLGRÍMSKIRKJA ÆSKP tekur þátt í gleðigöngunni	15. – 17. 11	FÖSTUD. – SUNNUD. VATNASKÓGUR ÆskulýðsMöt ÆSKH	14. – 15. 03	FÖSTUD. – LAUG. SELJAKIRKJA Föstu-Vaka ÆSKH		
31. 08	LAUGARD. LINDAKIRKJA Kirkjudagar, Barna- og unglingadagskrá	05. 12	17:00–21:00 FIMMTUD. SKAUTAHÖLLIN & LAUGARÆSKIRKJA JólaPeysuSkautaSamvera ÆSKH	21. – 23. 03	FÖSTUD. – SUNNUD. AUGLÝST SÍÐAR LandsMöt ÆSKP		
18. 09	FIMMTUD. 18:00–21:30 ÁSTJARNAKIRKJA Hausthittingur / Æskulýðsbali ÆSKP	12. 12	FIMMTUD. 16:00–20:00 DÖMKIRKJAN NTT jólakósi ÆSKH	22. 04	FRIDJUD. 16:00–18:00 ÁRBJEJARIRKIRKJA NTT vorhátíð ÆSKH		
20. – 21. 09	FÖS. – LAUG. HÁTEIGSKIRKJA Kirkjuping Ungra Fólksins ÆSKP	07. – 08. 02	FÖSTUD. – LAUG. VATNASKÓGUR NTT Möt ÆSKH	28. 04	FRIDJUD. 20:00–21:30 DIGNÆSKIRKJA Sumarhátíð ÆSKH		
27. 09	FÖSTUD. 16:00–22:00 NTT óvissuferð ÆSKH	02. 03	SUNNUD. KIRKJUR LANDSINS Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar				
							


Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

ÆSKH HÉRAÐSMÓTIN Í VATNASKÓGI

NTT-mótið var haldið í mars og Æskulýðsmótið var haldið í febrúar 2024 og aftur í nóvember 2024 – vegna breytinga - sjá neðar í skjali frekari umfjöllun.

Markmin eru alltaf þau sömu – þ.e.:

- að skapa góðar aðstæður og umhverfi fyrir börnin.
- að börn og ungmenni hafi möguleika á að kynnst hvort öðru og starfsfólki kirknanna.
- að leika saman - bæði innan- og utandyra í umhverfi, sem hefur margt að bjóða.
- að syngja saman lög, sem innihalda boðskap kristinnar trúar.
- að segja börnunum frá völdum textum biblíunnar.
- að miðla til barna og ungmenna þema mótanna, sem eiga að innihalda kristin gildi í átt að vináttu og þakklæti.



Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

Dagskráin er iðulega með hefðbundnu sniði – með alls konar stöðvum eins og káriókí, spurningakeppni, hæfileikakeppni, kvöldvökur, diskótek, hugvekjur og söng. Á báðum þessum mótum virtust börn og ungmenni una sér vel. Undirbúningur og ábyrgð Æskulýðsmótsins var á herðum stjórnar ÆSKH og svæðisstjóra. Undirbúningur og ábyrgð NTT mótsins 2024 var á herðum stjórnar ÆSKH og Steinunnar Önnu Baldvinsdóttur en árið 2025 á herðum stjórnar ÆSKH og sr. Sigurðar Grétars Sigurðssonar. Framkvæmd og undirbúningur gekk vel – og verkefnastjórar, leiðtogar kirknanna og Vatnaskógur eiga bestu þakkir skilið fyrir góð og fagleg vinnubrögð. Þess ber að geta að Steinunn Anna leysti svæðisstjóra af frá mars fram í júní 2024 og Guðrún Eggerts Þórudóttir, sem nú er nýráðinn prestur í Óháðasöfnuðinum og tekur við 1. maí n.k., leysti af frá byrjun október og út desember 2024. Fá þær miklar þakkir fyrir hjálpina og sér í lagi að taka að sér þessi stóru verkefni með skömmum fyrirvara.

LEIÐTOGASKÓLI ÞJÓÐKIRKJUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Áhersla Leiðtogaskólans er að stuðla að því að ungleiðtogarnir fái tilskylda þjálfun til að geta borið sameiginlega ábyrgð á barna- og æskulýðsstarfi í þjóðkirkjusöfnuði. Kennsluefnið hefur verið í mótun og byrjaði í fyrstu, sem samantekt af heilræði og siðareglum – sem Kirkjuþing hið almenna hefur samþykkt. Það má einnig með sannni segja að heilræðin og siðareglurnar fléttast inn í allar samverurnar með einum eða öðrum hætti. Þær eru í stuttu máli þessar;

- Að mæta manneskjum í kærleika.
- Að vera vandvirk, samviskusöm og heiðarleg.
- Að virða þagnarskylduna.
- Að hlusta af virðingu.
- Að mæta öllum jafnt.
- Að virða alla nærveru / persónulegt rými.
- Að halda áfram að fræðast – sækja ýmis námskeið, sem eru í boði.

Lagt fram á héraðsfundum 2025



Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

- Að fara vel með eigur og fjármuni kirkjunnar.
- Að vera jákvæð fyrirmynd.
- Að sýna alltaf rafræna ábyrgð.
- Að láta vita ef barn er þolandi.
- Að þykja vænt um samstarfsfólkið.
- Að boða trúna á Jesú Krist.

Einnig er lögð áhersla á að leiðtogaefnin „vinni“ á NTT- og Æskulýðsmótum ÆSKH. Markmiðið – eins og fyrr segir – er að þjálfa leiðtogaefnin í að axla sameiginlega ábyrgð og að fá þjálfun í að skipuleggja viðburði fyrir barna- og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar. Allir kennsludagar eru með erindi – sem eiga að innihalda kristileg gildi, kristna siðfræði, guðfræði og skipulagsþjálfun ýmis konar. Máltíðarsamfélagið er einnig mikilvægt – þar sem það opnar fyrir spjall á milli leiðtogaefna og skapar þannig mikilvægar tengingar. Til gamans má geta að Leiðtogaskólinn var með stóran hluta þátttakenda á Janúarnámskeiðum ÆSKH bæði 2024 og 2025. Fyrri árið voru alls 15 af 19 þátttakendum Janúarnámskeiðsins nemendur Leiðtogaskólans. Og í janúar s.l. voru alls 18 af 23



þátttakendum Janúarnámskeiðsins nemendur Leiðtogaskólans. Bæði námskeiðin voru í alla staði til fyrirmyndar – og leiðtogaefnunum fannst gaman og lærdómsríkt. Það var fín frétt inn á kirkjan.is í tengslum við Janúarnámskeiðin en það hefði verið gaman að sjá í fréttinni að stór hluti þátttakenda hafi verið frá Leiðtogaskólanum.


Það var yndisleg guðsþjónusta í Fossvogsprestakalli á síðasta ári – útvarpsmessa þar sem Leiðtogaskólanum voru gerð góð skil – og sagðar reynslusögur frá nemendum, með jákvæða upplifun af þessari þjálfun. Ef mig brestur ekki minni – og biðst ég afsökunar fyrirfram ef ég hef rangt fyrir mér – þá kom það hvergi fram í umfjöllun þeirra sem lásu upp að þessi þjálfun væri í höndum svæðisstjóra æskulýðsmála á höfuðborgarsvæðinu. Ég saknaði þess. –

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

Það snýst ekki um að nefna svæðisstjóran með nafni – heldur að það hefði komið fram að sjálf leiðtogaþjálfunin væri á ábyrgð svæðisstjóra æskulýðsmála og einnig sér í lagi til að auglýsa starfið og innihald þess. – Ég hef fengið fyrirspurnir hvað ég sé eiginlega að gera þar sem viðkomandi vissi ekki hvað starf mitt hefur að bjóða. Í þessari guðsþjónustu var kjörið tækifæri í útvarpi allra landsmanna að segja frá starfi svæðisstjóra í tengslum við leiðtogaþjálfunina – og það hefði ekki bara verið ávinningur svæðisstjóra æskulýðsmála á höfuðborgarsvæðinu heldur myndi það líka vera ávinningur fyrir svæðisstjóra austurlands og verðandi svæðisstjóra á vestur- og suðurlandi. Þessi staða er ný af nálinni í skipuriti Þjóðkirkjunnar – og þess þá heldur enn mikilvægara að nefna ábyrgð svæðisstjóra æskulýðsmála fyrir allri leiðtogaþjálfun á starfssvæðunum fyrir þjóðkirkjuna.

– Samverur leiðtogaþjálfunarinnar – fyrir utan viðburðina – eru átta talsins – og spanna yfir tvö ár. Þeim hefur fækkað en á sama tíma eru þær lengri í senn. Rökin eru þau að það er auðveldara fyrir nemendur að skipuleggja sig fram í tímann – þar sem þau eru í mörgu öðru, sem þau þurfa einnig að sinna. Við getum sannarlega verið þakklát og stolt af þessu unga fólki, sem kys að vinna með börnum og unglingum fyrir þjóðkirkjuna. Svæðisstjóri æskulýðsmála heldur utan um rekstur og framkvæmd Leiðtogaskólans. Til gamans fyrir árið 2023 – voru það tvö leiðtogaefni sem voru í fræðslu í gegnum ÆSKR og var útskriftin í Grensáskirkju. Fyrir árið 2024 voru það þrjú sem kláruðu – tveir í Bústaðakirkju og ein í Garðakirkju. Á þessu ári - 2025 eru það níu sem klára þjálfunina. Tvær í Sandgerðiskirkju, tvær í Útskálakirkju, þrjár í Neskirkju og tvær í Fossvogsprestakalli. Þegar þessi skýrsla er skrifuð þá á eftir að útskrifa þessar tvær úr Fossvogsprestakalli og á eftir að ákveða stað og stund. Nú flæðir allt í fermingarbarnaguðsþjónustum og nóg að gera á þeim vettvangi fyrir kirkjustarfsfólkið. Fræðslan er í höndum svæðisstjóra og síðan eru það sóknirnar sem taka á móti ungleiðtogunum og flétta inn í helgihaldið sitt og kynna unga fólkið fyrir söfnuðunum. Með þessum hætti er verið enn og aftur að tengja saman og auka ábyrgð allra með heilbrigðum og góðum hætti.

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025



Leiðtogaefnin eru leyst út með viðurkenningarskjali og gjöfum. Gjafirnar eru keyptar í Kirkjuhúsinu, sem er á vissan hátt búðin „okkar“ og eru greiddar af héraðssjóðunum. Það er hugsun á bak við gjafirnar – þær eiga að styðja við ungmenninn með einhverjum hætti. Það er bókin um Jesú – þar sem þau geta haldið áfram að fræðast um Jesú í máli og myndum á eigin forsendum. Faðir vorrið innrammað. – Bænin hjá okkur kristnum, sem ávallt fylgir okkur og síðan Kvöldbænafrjársjóðurinn, sem á að styðja við ungleiðtogana að vera



kristinn í hinu daglega lífi. Viðurkenningarskjölin undirstrika það sem þau hafa eða eiga að tileinka sér.

Með því að leggja sjálfa útskriftina í hendur safnaðanna – þá er verið að skapa tengingar – enn og aftur – fæ ekki leið á því að nefna það og svo að sjálfsögðu að stuðla að sameiginlegri ábyrgð – eins og hefur margoft komið fram í þessari ársskýrslu.

Gjafirnar – hér til hægri – innpakkaðar í sellófan – bíða eftir sínum eigendum 😊

Sjá viðurkenningarskjal á næstu síðu.



Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

Útskrift úr Leiðtogaskóla Þjóðkirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu!

Staður, dagur, mánuður, ár



Nafn!

Í dag útskrifast þú úr Leiðtogaskóla Þjóðkirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu með pomp og prakt! – Því langar mig að þakka þér kærlega fyrir samveruna og þinn einlæga áhuga á náminu og það sem Þjóðkirkjan þín hefur að bjóða. Leiðtogaskóli Þjóðkirkjunnar hefur lagt upp úr því að nemendur upplifi sig velkomin, kynnist öðrum nemendum og fái tilskylda fræðslu til að geta borið sameiginlega ábyrgð á barna- og æskulýðsstarfi í söfnuði. Einnig er lögð rík áhersla á það að nemendur taki þátt í viðburðum, sem svæðisstjóri æskulýðsmála stendur fyrir í samstarfi við ÆSKH – æskulýðssamband höfuðborgarsvæðisins og ÆSKD – æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar. Heilræði og siðareglur, sem Kirkjuping hið almenna hefur samþykkt eru svo hljóðandi;

- Að mæta manneskjum í kærleika. · Að vera vandvirk, samviskusöm og heiðarleg.
- Að virða þagnarskylduna. · Að hlusta af virðingu. · Að mæta öllum jafnt.
- Að virða alla nærveru / persónulegt rými. · Að halda áfram að fræðast.
- Að fara vel með eigur og fjármuni kirkjunnar. · Að vera jákvæð fyrirmynd.
- Að sýna alltaf rafræna ábyrgð. · Að láta vita ef barn er þolandi.
- Að þykja vænt um samstarfsfólkið. · Að boða trúna á Jesú Krist.

Ég vona svo innilega að þú munir nýta þér þá reynslu og fræðslu, sem þú hefur öðlast í gegnum Leiðtogaskóla Þjóðkirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu. Innilega til hamingju með þennan stóra áfanga í lífi þínu – megi gleði og gæfa fylgja þér og fjölskyldu þinni alla tíð.

Fyrir hönd Leiðtogaskóla Þjóðkirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu;

Anna Elísabet Þestsdóttir, svæðisstjóri æskulýðsmála á höfuðborgarsvæðinu.



Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

NÁMSÞÆTTIR LEIÐTOGASKÓLANS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU FYRIR TÍMABILIÐ 2023-2025

MEISTARI Í EINHVERJU VAR EINU SINNI BYRJANDI!

FRÆDSLUDAGAR	HVERS VEGNA?	MARKMIÐ
1. Heilræði og siðareglur	Samþykkt á Kirkjuþingi hinu almenna	Allir eiga að kunna, þekkja og skilja
2. Framsögn og leiklist	Framsögn er mikilvægur þáttur í öllu barna- og æskulýðsstarfi	Auðveldar viðkomandi að koma fram, að sitja í sjálfum sér og miðla innihaldinu af öryggi
3. Sálmaþók þjóðkirkjunnar og trúartákn	Sálmaþókin er verkfæri nánast í öllu helgihaldi. Trúartákn blasa víða við.	Mikilvæg kunnátta að geta flett upp og þekkt uppbyggingu sálmaþókarinnar. Trúartákn er tilvalin föndurfræðsla.
4. Efnisveitan	Árleg hreyfing	Kynnast ólíkri nálgun Biblíunnar
5. Móts-Dagskrárgerð	Mikilvægt að grasrótin hafi um innhald mótanna að segja	Að eiga hlutdeild og framkvæmd í mótunum er nauðsynlegt til að geta tileinkað sér færnina
6. Dagskrárgerð fyrir 6 til 9 ára	Til að starf sé auðvelt í framkvæmd – þá er mikilvægt að kunna að skipuleggja það	Að kunna að setja upp dagskrá, fyrir þennan aldurshóp, sem inniheldur biblíusögur og leiki
7. Dagskrárgerð fyrir 10 til 12 ára	Til að starf sé auðvelt í framkvæmd – þá er mikilvægt að kunna að skipuleggja það	Að kunna að setja upp dagskrá, fyrir þennan aldurshóp, sem inniheldur biblíusögur og leiki
8. Dagskrárgerð fyrir æskulýðsfélagið	Til að starf sé auðvelt í framkvæmd – þá er mikilvægt að kunna að skipuleggja það	Að kunna að setja upp dagskrá, fyrir þennan aldurshóp, sem inniheldur biblíusögur og leiki

GUÐSPJÓNUSTUFORM VIÐ ÚTSKRIFT – SEM HÆGT ER AÐ NOTA EF VILL (sjá næstu síður)

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

ÚTSKRIFTARGUÐSPJÓNUSTA

KLUKKNAHRINGING

INNGANGA / FORSPIL

SÁLMUR:

_____ : Verið hjartanlega velkomin til _____ kirkju (sunnudagur kirkjuársins). Í guðsþjónustu dagsins ætlum við sérlega að leggja áherslu á flottu ungleiðtogana okkar _____ sem voru að ljúka leiðtogabjálfun úr Leiðtogaskóla þjóðkirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Við fylgjum messuforminu og sálarnir sem við syngjum í dag eru allir með einum eða öðrum hætti tengdir kærleika Krists til okkar – og kærleika Krists sem við berum til hvors annars. Tökum endilega þátt – og allt sem við segjum og biðjum í sameiningu stendur í messuskránni og er **feitletrað**.

UPPHAFSBÆN

_____ : Við byrjum á því að signa okkur í Jesú nafni og segjum saman einum rómi: Í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda. **Amen.**

_____ : Hjálp vor kemur frá Drottni.

Söfnuður: Skapara himins og jarðar.

_____ :

Söfnuður: Drottinn, ég er kominn í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla og til að heyra, hvað þú, Guð Faðir skapari minn, þú Drottinn Jesús, frelsari minn, þú heilagi Andi, huggari minn, vilt við mig tala í þínu orði. Drottinn, heyr þú lofgjörð mína og bæn og opna þú með þínum heilaga anda hjarta mitt fyrir sakir Jesú Krists, að ég fyrir þitt orð iðrist synda minna, trú á Jesú í lífi og dauða og taki framförum í kristilegu hugarfari og líferni. Bænheyr það ó Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

SÁLMUR:



ÚTSKRIFTARGUÐSPJÓNUSTA

MISKUNNARBÆN

_____ : Drottinn, miskunna þú oss.

Söfnuður: Drottinn, miskunna þú oss.

_____ : Kristur, miskunna þú oss.

Söfnuður: Kristur, miskunna þú oss.

_____ : Drottinn, miskunna þú oss.

Söfnuður: Drottinn, miskunna þú oss.

KOLLEKTA

_____ : Drottinn sé með yður.

Söfnuður: Og með þínum anda.

_____ : Við skulum biðja saman bænina hans Hallgríms Péturssonar.

**Vertu Guð faðir faðir minn,
í frelsarans Jesú nafni,
hönd þín leiði mig út og inn
svo allri synd ég hafni.
Amen.**

SÁLMUR:

RITNINGARLESTRAR

_____ : Í fimmtu Mósebók, kafla 4, versí 9 – stendur skrifað:

„En vertu varkár og gættu þín vel svo að þú gleymir ekki þeim atburðum sem þú hefur séð með eigin augum. Láttu þá ekki liða þér úr minni meðan þú lifir og þú skalt segja börnum þínum og barnabörnum frá þeim.

Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Söfnuður: Guði sé þakkargjörð.



Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

ÚTSKRIFTARGUÐSPJÓNUSTA

_____ : Í Orðskviðunum í kafla 22, versí 6 - stendur skrifað: „Fræð hinn unga um veginn sem hann á að halda og á gamals aldri mun hann ekki af honum víkja.“

Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Söfnuður: Dýrð sé þér Drottinn.

SÁLMUR:

GUÐSPJALL Söfnuður stendur

_____ : Guðspjallið skrifar – guðspjallamaðurinn Matteus.

Söfnuður: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

_____ : Þá færðu menn börn til Jesú að hann legði hendur yfir þau og bæði fyrir þeim en lærisveinarnir hans átöldu þá. En Jesús sagði; Leyfið börnunum að koma til mín – varnið þeim eigi því slíkra er himnaríki.

Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall. **Söfnuður: Lof sé þér Kristur.**

HUGVEKJA/PREDIKUN

... Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda. Svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. **Amen.**

AFHENDING SKÍRTEINA OG GJAFA

TRÚARJÁTNINGIN Söfnuður stendur

_____ : Postullega trúarjátningin dregur saman öll aðalatriði trúarinnar – játum hana saman og segjum:

Söfnuður: Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar. Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottinn vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, pindur á dögum Pontíusar Pilatusar, krossfestur, dáiinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða. Ég trúi



ÚTSKRIFTARGUÐSPJÓNUSTA

á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisnu mannsins og eilíft líf. Amen.

SÁLMUR:

ALMENN KIRKJUBÆN

_____ : Við skulum biðja. (Einnig hægt að biðja bænina á bls 61 í handbókinni eða algjörlega frá eigin brjósti).

_____ : Himneski Faðir! Takk fyrir æsku þessa lands. Í lífsins bók stendur: Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi – því slíkra er Guðs ríki. Takk fyrir það að setja andlit á kærleikann í Jesú Kristi – og senda hann til okkar svo við getum lifað í kærleika og vináttu. Takk fyrir það að opna augu okkar fyrir neyð náungans. Takk fyrir það að þú elskar okkur eins og við erum. Fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

SÁLMUR 327 (x3 sem bænasvar).

Söfnuður: Confitemini Domino quoniam bonus.

Confitemini Domino quoniam. Alleluia!

Þökk sé þér, ó Guð Drottinn vor, því þú ert góður.

Þökk sé þér, ó Guð Drottinn vor. Hallelúja!

_____ : Kæri Jesús! Takk fyrir þjóðkirkju Íslands – kirkjuna sem þú Kristur sagðir okkur að reisa svo við getum sameinast og upplifað stóra samfélagið, sem er okkur mikilvægt. Takk fyrir það að við getum sameinast í þínu nafni og hlustað á þitt orð og varðveitt það í hjörtum okkar. Takk fyrir kraftaverkin sem verða í lífi okkar. Fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Söfnuður: Confitemini Domino quoniam bonus.

Confitemini Domino quoniam. Alleluia!

Þökk sé þér, ó Guð Drottinn vor, því þú ert góður.

Þökk sé þér, ó Guð Drottinn vor. Hallelúja!



Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

ÚTSKRIFTARGUÐSPJÓNUSTA

_____ : Góði heilagi Andi! Takk fyrir að hugga okkur þegar við eigum erfiða daga. Takk fyrir að þú leiðir okkur á rétta braut þegar við villumst. Takk fyrir það að þú ert með okkur öllum stundum – bæði þegar við gleðjumst og þegar við erum sorgmædd. Takk fyrir það að þú mætir okkur þar sem við erum stödd í lífinu. Takk fyrir að hlusta! Fyrir Jesú Krist Drottin vorn.

Söfnuður: Confitemini Domino quoniam bonus.

Confitemini Domino quoniam. Alleluia!

Þökk sé þér, ó Guð Drottinn vor, því þú ert góður.

Þökk sé þér, ó Guð Drottinn vor. Hallelúja!

_____ : Allar bænir felum við í þeirri bæn sem Jesús kenndi okkur og við biðjum saman:

FADIR VOR

Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki, verði þinn vilji svo á jörðu sem og himni. Gef oss í dag vort daglegt brauð. Og fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum. Eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illi. Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu. Amen.

BLESSUN *Söfnuður stendur*

_____ : Þökkum Drottni og vegsömum hann.

Söfnuður: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

_____ : Drottinn blessi þig og varðveiti þig. Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér náðugur. Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið. Í nafni Guðs, föður, sonar og heilags anda. Amen.

SÁLMUR:

KLUKKNANRINGING/EFTIRSPIL/ÞAKKARORD



Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

Ég hef reynt að leggja upp úr því að fræðslan sé aðgengileg – þ.e. að aðalatriðin séu í power point – og þá mikilvægast að búa ekki til flækjustig eins og að hafa fræðsluna of flókna heldur hnitmiðaða og koma í vel fyrir of mikið orðasalat. Aðaláherslan er kynning sem þau síðan vinna í hópum og úr verður einhvers konar jafningjafræðsla. Allir kennsludagar eru með fyrirlestri/sýnikennslu, sem fer út í skriflegar æfingar, endurtekningu, samræður og umræðurhópa. Það hefur gefist vel – að blanda saman (FHP) þ.e. *Fræðslu*, *Hugflæði* og *Praktík*. Auk fræðsludaganna – þá er einnig skylda að mæta á valda viðburði fyrir utan mótin – sem á að þjálfa leiðtogaefnin úti á vettvangi – hugmyndasmiðurinn John Dewey í praksís - Learning by doing. Leiðtogaþjálfunin hefur marga snertifleti – og einn flöturinn er að nálgast ungt fólk sem hefur heilmikið fram að færa.

NÁMSKEIÐ - SAMSTARFSVETTANGUR

Formaður ÆSKH lagði mikið upp úr því að tengjast Æskulýðsvettvanginum. Þar er meðal annars lögð áhersla á samstarf á milli ýmissa sjálfstætt starfandi félaga eins og Skátanna, KFUM og KFUK á Íslandi, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands. Markmiðin eru að stuðla að heilbrigðum og uppbyggjandi samskiptum á milli þeirra sem vinna að og með barna- og ungmennastarfi. (tekið af netinu á síðu Æskulýðsvettvangsins). Í ár voru æskulýðsfulltrúar og ungleiðtogar hvattir til að sækja námskeið á Holtavegi 28 á námskeiðin *Samskipti* og *siðareglur* og *Verndum þau*. Þjóðkirkjan gæti svo sannarlega verið einnig í aðildarsamstarfi við Æskulýðsvettvanginn – því hagsýnin snýst ekki bara um fjármuni heldur einnig um skipulagstíma. Þessi fræðsla er til staðar hjá Æskulýðsvettvanginum og hví ekki að tengjast honum almennilega – og öllum þeim námskeiðum, sem eiga að hlúa að símenntun barna- og æskulýðsstarfsfólks og eru í boði á þessum vettvangi. Nú er framhaldið í höndum nýs svæðisstjóra æskulýðsmála á höfuðborgarsvæðinu að ákveða hvað, hvort og hvernig.

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

STARFSÞJÁLFUN DJÁKNA- OG PRESTSEFNA

Hluti af starfsþjálfun djákna- og prestsefna er að kynnast þjónustu og skipulagi þjóðkirkjunnar. Það voru margir sem komu að kynningunni og svæðisstjóri æskulýðsmála var með eitt erindi í samstarfi við fráfaramandi framkvæmdarstjóra ÆSKP. Erindin voru um hlutverk svæðisstjóra og sameiginleg hlutverk svæðisstjóra og ÆSKP. Erindin voru einnig um starfsreglur, ýmis verkefni og viðburði. Verkefnin eru fjölmörg og í raun síendurtekin eins og að standa vörð um upplýsingaflæði og gerð sameiginlegs viðburðardagatala. Leiðtogaskóla þjóðkirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu voru einnig gerð góð skil – sem undirstrikar það að þjálfun leiðtogaefna fyrir barna- og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar viðkemur okkur öll!

Ég tel að þessi mikilvægi vettvangur þurfi meira í kynningu en 15 til 20 mínútur. Djákna- og prestsefni þurfa að læra enn dýpra í sínu námi um mikilvægi barna- og æskulýðsstarfs. Ég hef verið í mastersnámi í kennimannlegri guðfræði hjá MF í Osló – og þar er ríkuleg áhersla lögð á hvernig vinna á úti á akrinum og inni í því er starf með börnum og unglingum. Mjög ganglegt og þarft. Við mannfólkið erum einu sinni þannig gerð að við verðum að fá góða fræðslu til að geta tileinkað okkur viðfangsefnið og losað úr læðingi sköpunarkraftinn. Ég myndi vilja sjá heilan dag – með djákna- og prestsefnum þar sem farið er á valda staði – þar sem er virkt barna- og æskulýðsstarf – með skýra framtíðarsýn og þar sem valið fólk er í hverju rúmi. Einnig er mikilvægt að samböndin eins og ÆSKP og ÆSKH geti sagt frá sínu starfi – og nú tala ég eins og þessi félög séu virk – því ég veit ekki annað.

Ég hef ekki sett mig inn í starfsþjálfun þjóðkirkjunnar – en mín reynsla er aðallega frá Noregi – og það eru nokkrar vikur í senn í þrjú skipti úti á vettvangi - ásamt þremur helgum með prestsefnum og með nokkrum biskupum, sem voru með gagnleg erindi og fræðslu til okkar. Hugsunin er sú að þau sem hafa reynsluna miðla henni til okkar sem skortir reynslu. Þessi athugasemd mín er ekki að tala niður eða að gera lítið úr með einhverjum hætti heldur að miðla þeirri þekkingu sem ég tel mig búa yfir – eftir að hafa verið á norski grund – og tengd kirkjunni bæði hvað varðar menntun og starf í sjö ár. Þegar ég var með þessa kynningu á biskupsstofu fyrir djákna-

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

og prestsefnin þá leið mér eins og ég þurfti að tala á hraða 1,5 – og ég er sannfærð um að það hafi ekki skilað sér neitt sértaklega og þaðan af síður fagurt að heyra. Það eru margir innan kirkjunnar sem búa yfir þeim fjársjóði að geta miðlað reynslu sinni og færni til þeirra sem skortir hana – og sá fjársjóður verður seint metinn til fjár. Ég veit að það hafa verið menntunardagar bæði í Skálholti og á Hólum – til að halda loganum gangandi – og mér finnst að slíkir dagar mættu höfða til alls kirkjustarfsfólks – og sér í lagi þeirra sem sjá um og bera ábyrgð á barna- og æskulýðsstarfinu innan þjóðkirkjunnar.

KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

Kirkjuþing Ungu Fólksins var haldið í september s.l. rétt á undan vinnuhelgi hjá Kirkjuþingi hinu almenna. Að vanda lofaði dagskráin góðu og var í höndum þáverandi framkvæmdastjóra ÆSKP Sólveigar Franklinsdóttur. Áherslan er að sjálfsögðu barna- og æskulýðsmál. Mér er það svo minnisstætt þegar forseti Kirkjuþings hins almenna talaði við unga fólkið – sem var þá – og lagði áherslu á að Kirkjuþing hið almenna eru vinir okkar allra. Mér fannst þetta svo falleg nálgun og mikilvæg nálgun – því þannig lækkum við þröskulda og sýnum fram á það að öll okkar störf eru mikilvæg hvar sem þau eru í keðjunni. Lögð var áhersla á samstöðu og hvernig við getum öll haft velferð þjóðkirkjunnar að leiðarljósi. Leiðtogaskóli þjóðkirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu fjölmennti að vanda og samkvæmt samtali við þau – þá fannst þeim skemmtilegt og ekki síður áhugavert að vera þátttakendur á Kirkjuþingi Ungu Fólksins. Eins og fyrr segir þá var fyrrverandi framkvæmdarstjóri ÆSKP verkefnastjóri og í samstarfi við forseta Kirkjuþings Ungu Fólksins – sem að þessu sinni er Hilda María Sigurðardóttir, guðfræðinemi. Ein af framtíðarsýnum Kirkjuþings Ungu Fólksins er að efla unga fólkið til að vera rödd og að hafa áhrif og koma málefnum tengdum



Lagt fram á héraðsfundum 2025


Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

barna- og æskulýðsstarfi inn á Kirkjuþing hið almenna. Hilda María fór með þau málefni sem voru samþykkt á Kirkjuþingi Unga Fólksins inn á Kirkjuþing hið almenna – og gerði hún það afburðarvel.

LANDSMÓT ÆSKP – HÉRAÐSMÓT ÆSKH

Landsmót Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar – eða ÆSKP var flutt til vorsins 2025. – Það var ákveðið tilraunaverkefni þar sem héraðsmót ÆSKH var flutt til haustsins eða nánar tiltekið í nóvember 2024. Það þótti of mikið að hafa stór mót of nálægt hvort öðru bæði vegna þess að yfirleitt er það sama fólkið sem undirbýr og einnig var áætlað að héraðsmót ÆSKH yrði hugsanlega álíka fjölmennt og landsmót ÆSKP. Héraðsmót æskulýðsfélaganna urðu því tvö á árinu 2024 þar sem þau hafa yfirleitt verið að vori en ákveðið var að breyta og hafa það að hausti – sem líka smá *kick off* inn í æskulýðsstarfið.

Héraðsmótin voru haldin í Vatnaskógi og verð ég að segja – þó ekki hlutlaus - að mótið í febrúar tókst einstaklega vel þar sem kærleikurinn sveif yfir vötnum – með gullnu regluna að leiðarljósi. Ný stjórn ÆSKH voru hreint út sagt frábær! Því miður var svæðisstjóri æskulýðsmála fjarri góðu gamni á héraðsmótinu í haust s.l. – en heyrði að mótið hefði einnig tekist mjög vel – og það undirstrikar að það kemur alltaf maður í manns stað. Sælir eru friðflytjendur var þema haustsmótsins, sem ákveðin framlenging á Kirkjudögunum – sem haldnir voru í Lindakirkju í ágúst s.l.– og voru einstaklega vel heppnaðir dagar. Héraðsmótið s.l. haust var aðallega í höndum stjórnar ÆSKH og séra Guðrúnar Eggerts Þórudóttur. Samkvæmt heimildum voru bæði mótin þ.e. héraðsmót ÆSKH og Landsmót ÆSKP vel sótt og vel heppnuð og eiga skipuleggjendur miklar þakkir skilið. Landsmótið var í mars s.l. nánar



Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

tiltekið 21. til 23 mars 2025 og var einnig í Vatnaskógi. Séra Steinunn Anna Baldvinsdóttir æskulýðsprestur í Seljakirkju og Eygló Anna Ottesen Guðlaugsdóttir, æskulýðsleiðtogi Sela í Seljakirkju - sáu um skipulag og framkvæmd landsmótsins í ár.

Mig langar þó að nefna eitt – og verður hugsanlega ekki vinsæl athugasemd – en það er að skoða hvort að héraðsmótin séu ekki eitthvað sem við eigum að leggja meiri áherslu á? Núna er það svæðisstjóri æskulýðsmála á höfuðborgarsvæðinu sem talar – þ.e. að ég er ekki með sýn landsbyggðarinnar – þó ég sé landsbyggðarkona. Mér finnst mikilvægt að vera með hagsýni að leiðarljósi og þá á sama tíma hagsýni hvað varðar tímann okkar. Það tekur margar klukkustundir að ferja fólk á milli landshluta – og það virkar í báðar áttir. Hvernig væri að hver landshluti myndi horfa til síns samfélags hverju sinni og þá hugsanlega tengjast þeim landshluta sem er næst á kortinu? Eins og t.d. Austurland myndi tengjast Norðurlandi, Vestfirðir þá svæðinu í kringum Borganes og Suðurland þá höfuðborgarsvæðinu – og þá meina ég þegar um héraðsmót eru að ræða. Þetta er ekki fullmótað hjá mér – en samt sem áður ákveðinn vinkill í átt að einhvers konar útfærslu og í átt að umræðu. Sumir telja að heppilegt væri að velja stað fyrir landsmót, sem hægt væri að nýta í nokkur ár í röð til að byggja upp reynslu og þekkingu á aðstæðum og auðvelda allan undirbúning og skipulag. Hefð er fyrir því að halda héraðsmótin á sömu stöðunum – eins og t.d. í Vatnaskógi eða kirkjumiðstöðunni á Eiðum.


Ef áherslan yrði á héraðsmótin þá þyrftu þau alls ekki að vera á sama tíma – og þannig myndi líka skapast rými fyrir þá sem vilja og telja sig hafa fjármuni og tíma til að geta ferðast á milli landshluta og jafnvel nýta sama viðburðarstjóra þannig að undirbúningsvinna nýtist oftar en einu sinni. Ég varð vör við það í mínu starfi að ákveðið æskulýðsfélag – sem er mjög virkt og fjölmennt fannst erfitt að ferðast langt á milli landshluta – 12 tíma hvora leið – vera síðan á mótinu þann tíma sem eftir var af helginni áður en lagt var af stað heim aftur í 12 tíma. Í staðinn héldu þau biblíumaraþon – sem heppnaðist vel og skapaði tengls, nánd og samfélag, sem hefur verið sýn landsmótanna. Það er ekki markmiðið að slökkva nein ljós – heldur hvernig getum við verið bæði hagsnýn fjárhagslega og tímalega?

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

VIÐAUKI TIL UMHUGSUNAR

Það er svo margt sem mig langar að viðra – faglega. - Mig er búið að langa til að búa til ramma utan um barna- og æskulýðsmálin alveg frá A til Ö. Ramminn ætti að vera handbók sem einhvers konar aðgerðaráætlun eða flettirit fyrir hvern og einn hóp fyrir sig - þ.e. allt þetta praktíska - svona eins og gátlisti "á sterum". Þetta vantar algjörlega og fólk er allt of mikið að vinna hvert í sínu horni í stað þess að vera með eina ákveðna handbók – sem bæði á að vera styðjandi og hvetjandi fyrir alla. Sumir vilja meina að slík áætlun ætti að vera e. *just add water* en ég er ekki viss um að vera á sama máli. Mér finnst við eigum að varast það að „mata“ fólk of mikið með upplýsingum – heldur að vera meira eins og hugmyndabanki, sem myndi vera styðjandi bæði fyrir einhvern glænýjan á vettvangi sem og þaulreyndan. Auðvitað yrði áætlunin aldrei eins alls staðar - þar sem samfélögin í kringum hverja kirkju geta verið ólík - en í handbókinni verður þó brugðist við því.



Ég veit ekki hvort að guðfræðinemendur hjá HÍ eru að læra um skipulag eða útfærslu á barna- og æskulýðsstarfi. Ef svo er ekki þá væri þessi handbók kjörin til að dýpka enn frekar og skapa á sama tíma ákveðið öryggi til að mæta þessum málaflokki úti á akrinum. Ég tel að korter í útskrift sé ekki tími fyrir örkyningu á málaflokki af þessari stærðargráðu - heldur þarf þetta mikilvæga málefni innan kirkjunnar að fá tíma til að gerjast í þau ár sem nemandi er við nám. - Fyrir einhverju síðan hleraði ég hvort einhver hefði áhuga á að fara í handbókarvinnu sem þessa og það sýndu tveir æskulýðsfulltrúar þessu strax áhuga. Mér finnst að það eigi að vinna

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

Þetta verkefni eins og handbókarvinna þjóðkirkjunnar er um þessar mundir. Eins með sálmaðókarvinnuna – þar sem hvoru tveggja er metnaðarfullt starf til margra ára.

AKADEMÍAN

BARNA- OG ÆSKULÝÐSFRÆÐINÁMIÐ – SEM HLUTI AF KENNIMANNLEGRI GUÐFRÆÐI?



Ég held að kirkjan verði á öllum starfssvæðum að vinna sig ofan frá og niður.

Kirkjulega fagmenntað fólk eins og djáknar, prestar og organistar – eru í raun eyrnamerkir kirkjunni og því tel ég að þeir sem að vinna í barna- og æskulýðsmálum þurfi einnig að vera í námi sem er eyrnamerkt kirkjunni. –

Hvað ef það væri viðbótardiplóma fyrir kennara og tómstundarfræðinga, sem hefðu áhuga á því að starfa í barna- og æskulýðsstarfi fyrir kirkjuna – hvað ef það væri hægt að bæta við sig einu ári af guðfræði – og eitt námskeiðið væri eingöngu um dæmisögur Jesú og hvernig nemendur gætu nálgast viðfangsefnið á skapandi hátt í praksis? Stórt er spurt. Ég veit að það eru tómstundafræðingar að starfa innan kirkjunnar og hafa oft á tíðum reynslu sem barn eða unglingur af kirkjustarfi. En hvað ef það væri hægt að smíða saman guðfræðinám – þar sem verið væri eingöngu að einblína á barna- og æskulýðsstarf innan kirkjunnar. Ég held að við náum að styrkja þessa grunnstoð innan kirkjunnar enn frekar með þessum hætti og þá í gegnum akademíuna. Ég hef tekið eftir því þar sem er fullorðið fagfólk á árs grundvelli – þar er meiri staðfesta. Til að árétta það þá skoðaði ég hvað er í boði í guðfræði. Ég sá ekkert námskeið sérstaklega eyrnamerkt dæmisögum Jesú? Það þyrfti að vera slíkt námskeið og flétta því saman inn í nám sem fer algjölega inn í kjarnann á mikilvægi barna- og æskulýðsstarfs. Þessi námskeið væru ekki val heldur skylda – þ.e. að allir sem ælta sér að vinna fyrir kirkjuna eins og djákni, guðfræðingur, organisti og svo barna- og æskulýðsfræðingur sætu saman þessi námskeið og markmiðið væri

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

að tileinka sér þá færni að miðla dæmisögunum – fagnaðarerindinu á skapandi hátt til barna og ungmenna. Aldrei að vanmeta börnin og setja efnið fram á smábarnalegan hátt – heldur að ræða þessar mikilvægu sögur á skapandi hátt sem fá okkur til að horfa inn í ákveðinn speglasal – sem er sálin okkar. Þetta er ein hugmynd hvernig við getum enn dýpra byggt upp barna- og æskulýðsstarf fyrir þjóðkirkjuna. Það kom t.d. ein hugmynd frá einum djákna í ákveðinni kirkju – þar sem barna- og æskulýðsstarf er í fullum skróða og það er viðburðarstjórn þ.e. að námið yrði að innihalda viðburðarstjórn. Ég er heldur betur búin að kynnast því í mínu starfi sem svæðisstjóri æskulýðsmála – og gamall æskulýðsfulltrúi - hvað viðburðarstjórn er mikilvægur þáttur í barna- og æskulýðsstarfinu. Ég ræddi þetta eitt sinn við fræðslustjóra á biskupsstofu og hún nefndi einmitt að það væri hægt að blanda náminu saman við tómstundafræðinginn – það væri líka góð hugmynd en þá verðum við að passa að enginn afhelgunarstefna fari í gang. Svo má ekki horfa framhjá því að kristinfræðikennslu hefur víða verið nánast hætt í grunnskólum og ungmenni, sem eru að vaxa upp sem leiðtogar, og jafnvel háskólanemar hafa í vaxandi mæli afar takmarkaða þekkingu á biblíusögum og kristnum fræðum. E.t.v. er samhengi milli þess og þeirrar staðreyndar að ekki sækir fleiri í guðfræðinám en raun er.

HVÍLDARDAGURINN

Það er rík hefð fyrir því að hafa barnaguðspjónustur/sunnudagaskóla á sunnudögum – á hvíldardeginum okkar. Ég myndi líka vilja horfa inn í miðja viku þegar kemur að helgihaldi og sér í lagi barnamessum. Eitt þarf ekki að útiloka annað. T.d. gæti verið gagnlegt að hafa stöku sinnum fjölskyldumessu á NTT tíma ef vænta á þátttöku NTT barnanna. Þá er messan á tíma sem þau hafa tekið frá fyrir kirkjustarf og minni líkur á að eitt rekist á annað eins og oft vill verða hjá börnum sem eru virk á mörgum sviðum s.s. í íþróttastarfi. Ég held að það myndi auðvelda margt hvað varðar heimilin. Gott er að hafa í huga fjölgreindakenningu Howards Gardners þegar kirkjustarf fyrir börn og unglinga er annars vegar. Barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar hefur allar forsendur til að mæta ólíkum greindum með sínu fjölbreytta starfi s.s. rýmisgreind, málgreind, samskiptagreind, tónlistargreind, umhverfisgreind,

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

líkams- og hreyfigreind, rök- og stærðfræðigreind, og loks sjálfsþekkingargreind. Við mættum líka sem kirkja spá í það hvaða greind við ætlum að skoða og höfða til. Það eru ekki allir með þessa hreyfigreind og á kafi í íþróttum.

Hvað með þessa sem skora hátt í tilfinningum? Gæti þetta verið ákveðin vinkill sem hægt er að skoða. Hvað varðar listina þá er kórastarfið þar – söng- og listgreind fléttast inn í kórastarfið. Enn og aftur til að árétta það þá er barnakórastarf líka barna- og æskulýðsstarf. Kirkjan vill vera með sérstöðu í samfélaginu – hún er það og getur það svo sannarlega – með alla þessa sköpun innanborðs. Það er í raun ein af greinum Gardners og hvernig getum við beislað þá greind enn frekar? Ég myndi frekar horfa til tilfinningaflórunnar eins og hún leggur sig. Er trúin ekki virk í gegnum tilfinningarnar okkar? Getur verið að sterk tenging sé á milli tilfinninga og að vera skapandi? Biblían er bókasafn af tilfinningum – góðum, erfiðum og jafnvel slæmum – en allt eru þetta tilfinningar. Hvaða tilfinningu vill kirkjan virkja? Við horfum allt of mikið á börnin með augum hinna fullorðnu – þar sem raunsæið nær yfirleitt alltaf yfirhöndinni – en hvernig gæti barn hugsað? Börnin eru miklu meira tengd tilfinningum sínum og við, sem erum fullorðin, ættum að horfa miklu meira í áttina til barnanna. Barna- og æskulýðsstarf er einmitt tilfinningaflóran – það eru leikir, sem tengjast sköpuninni og sköpunin kemur frá hinum innsta kjarna. Það eru sögur úr biblíunni og börnin hlusta og byrja strax að samsama sig – eru laus við alla frasa og bara eru. Víða þar sem er virkt barna-og æskulýðsstarf – þar eru veitingar. Annað sakramentið okkar er sprottið út frá veitingum – svo mikilvægt er það að borða saman. Úlfastundin, sem er fjölskyldustund í Lágafellssókn eða Gormatími í Seljakirkju svo dæmi séu tekin, eru frábært framtak - eins og talað út úr mínu hjarta. - Opnum allar kirkjur - gefum börnunum að borða, leikum við þau og lesum fyrir þau.

HEIMILI OG SKÓLI VS HEIMILI OG KIRKJA

Það er til fyrirbæri innan skólakerfisins, sem heitir Heimili og skóli. Það er félag sem er byggt upp til að styðja við heimilin í alls konar formi. Hvað með Heimili og kirkja? Getur það ekki orðið ákveðið félag innan þjóðkirkjunnar og gangi út frá því að styðja við heimilin

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

og ég veit að mörgum heimilum finnst erfitt að borga dýrar tómstundir fyrir börnin sín – og foreldrar gera ýmislegt fyrir börnin sín – sem er gott og skiljanlegt. Hvernig getur kirkjan höfðað til allra heimila – og þá sem stuðningur við heimilin. Jú, það verður að vera gagnkvæmur ávinningur. Þegar kirkjan auglýsir starfið sitt – þá skiptir til dæmis mjög miklu máli að segja námkvæmlega hvað verið er að gera á samverunum. Hvaða veitingar eru til dæmis í boði? Ég er ekki að tala um rándýran skyndibita – heldur að horfa til þess að bjóða venjulegan heimilismat. Hvaða leikir, söngur, sögur og fleira í þeim dúr. Ef heimilin finna fyrir ávinningi þá munu þau sækja meira í að skipuleggja tíma sinn í kringum kirkjuna.

Í Breiðholtskirkju og víðar er helgistund á virkum degi í hádegi og máltíðarsamfélag með fólki á öllum aldri. Fólk sem kemur í alls konar tilgangi – að njóta samfélagsins fyrst og fremst og síðan einhverjir til að rjúfa einangrun og einmannaleika. Þetta er safnaðarstarf sem búið er að byggja í mörg ár og byrjaði fámennt og góðmennt og er núna fjölmennt og góðmennt.

Ég hef alltaf verið hrifinn af hópastarfi í miðri viku og meiri hluti barnastarfs er í miðri viku. En hver kannast ekki við það að búið er að ákveða sýningu á sunnudegi/hvíldadeginum og það mætir kannski helmingur barna, sem eru búin að vera á fullu í undirbúningi á sjálfa sýninguna. Ástæðan getur verið ýmis konar og þarf ekki að vera vond hugsun til kirkjunnar – heldur er annað skipulag innan fjölskyldunnar sem verður fyrir valinu. Það getur til dæmis verið samvera með stórfjölskyldunni – gott og vel – en þá er viðkomandi barn ekki að sinna því sem búið var að skipuleggja í lífi þess. Ég vil ganga svo langt að segja að þær kirkjur, sem eiga í erfiðleikum með heimturnar ættu að horfa til virku daganna og gefa þeim ákveðið tækifæri eins og t.d. á fasta tíma hópanna eins og nefnt var áður. Ég er búin að mæta mörgum foreldrum sem gátu ekki mætt á sunnudeginum – sem búið var að skipuleggja með barninu og svo koma röð afsakana og stemningin er sektarkennd. Það er líka óþægilegt og ekki viljum við að foreldrar mæti vegna skyldurækni – heldur vegna þess að þeir vilja það. Íþróttafélögin eru með æfingar í miðri viku og jafnvel margar í einni grein og síðan er mót um helgar – og þangað mætir þorri foreldra – því það er mikilvægt fyrir fjölskylduna að gera þetta saman.

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

REGLULEG ÞARFAGREINING

Það er einnig mjög mikilvægt að þarfagreina reglulega kringum hverja einustu kirkju. Það þarf að skoða reglulega hvað er í kringum hverja kirkju fyrir sig. Það er til dæmis ekki sanngjarnt að bera sig saman við kirkjur í kring – því það getur verið jafngáfulegt eins og að bera saman kál og epli. Það geta verið tvö ólík samfélög. Við verðum að vera meira hugrökk að sitja í þeirri vissu sem svo verður útkoma greiningarinnar. Mér er svo minnisstætt, þegar ég var að þarfagreina í ákveðnu prestakalli í Noregi, þegar ég hitti fólki sem var á gólfinu – sem sá um öll praktísku málin og svo kemur manneskja inn að utan og ætlar hugsanlega að leggja meiri vinnu á þeirra herðar. En ég var með „skurðarhnífinn“ á lofti og skar niður helling sem ekki var að bera neinn ávöxt. Hugsjónin var gæði umfram magn. Þarna var fullt af litlum verkefnum sem báru engan ávöxt en úheimtu jafn mikið skipulag og undirbúningsvinnu. Fólk upplifði sig eins og hamstra á hjóli til að uppfylla öll skilyrðin sem komu frá miðlægu kerfi – þar sem einstaklingar búa til skipulög sem eru svo ekki gerleg úti í söfnuði vegna þess að það er ekki markhópur til staðar. Slíkt getur verið niðurdrepandi fyrir kirkjustarfsfólk og tilfinningin að vera ekki að gera nóg getur verið yfirþyrmandi. Mjög mikill undirbúningur og mikil vinna en nánast engar heimtur getur líka verið mjög niðurdrepandi. Þá er betra heima setið en af stað farið. Þarna kemur líka hagsýni tímans – í hvað erum við að verja tímanum okkar? Erum við að ávaxta eða erum við að gera „eitthvað“? Í þessu tilviki var einmitt fullt af einhverju smáu sem var ekki að ganga upp. Samkvæmt einhverjum stöðlum þá áttu þau að gera þetta – og þetta var ekki að virka. Niðustaða þarfagreiningarinnar var sú að verkefnin voru færri og meira kjöt á beinum og voru einnig gerð enn betur og allir voru meira tilbúnir að gera verkefnið saman – álagið á starfsfólkinu minnkaði og um leið skapaðist ákveðin sátt í kringum undirbúningin. Áhyggjurnar um að hugsanlega væri ekki verið að gera nógu vel – hurfu.

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

LANDSMÓT – FORÐUM

Mér er svo minnisstætt Landsmót æskulýðsfélaganna árið 2014 á Hvammstanga – þar sem rúmlega 600 manns tóku þátt. Ég var á þessu landsmóti sem var vel heppnað – en getur verið að við séum of upptekin af því að horfa til þessarar tölu? ... í stað þess að horfa líka á samfélagsmyndina sem var þá? Landið var enn að skriða saman eftir hrun – heimilin með ungar fjölskyldur að sligast undan álagi – og þá blómstraði barna- og æskulýðsstarfið víða sem aldrei fyrr. Ég er ekki að gera lítið úr því góða starfi sem verið var að gera en þetta undirstrikar að við verðum líka að horfa á hvar við erum stödd samfélagslega hverju sinni. Við vitum að samfélagið horfist meira í augu við skjáinn en í augun hvers annars. – Þetta er varndi sem fer vaxandi og allar tilfinningar sem krauma undir hjá óhörnuðu barninu. Þetta er eitthvað sem kirkjan þarf að grípa og vinna betur með -þ.e. tilfinningarnar – horfa til fjölþáttagreinda Howards Gardners – þar sem hugmyndafræðin er að styrkleikarnir jafni út veikleikana. Hvernig náum við til heimilanna? Jú, í gegnum gagnkvæman ávinning. Við erum þorp sem stöndum saman og kirkjan er eitt hús í þorpinu. Foreldrar þurfa að geta upplifað að kirkjan sé að halda utan um heimilin. Hvernig getum við komið því til heimilanna hvað kirkjan hefur að bjóða – það sem snýr að barna- og æskulýðsstarfi?

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR 2026

MÓT&VIÐBURÐIR	Gjöld, ferðir og fræðsla	2.500.000.- kr.
LEIÐTOGASKÓLI ÞJÓÐKIRKJUNNAR	Matur, gögn og fræðsla	700.000.- kr.
STJÓRNARFUNDIR	Veitingar	50.000.- kr.
ÝMIS GÖGN	Ritföng og spil ýmis konar	100.000.- kr.
SÍMAKOSTNAÐUR	Á 12 mánaðar tímabili	60.000.- kr.
AKSTUR	Breiðholtskirkja er miðjan	300.000.- kr.
NÁMSKEIÐ	Símenntun og gögn	100.000.- kr.
HÚSALEIGA / SKRIFSTOFA	Ræsting, pappír, blek og fundaaðstaða	900.000.- kr.
REIKNISLEG AÐSTOÐ	Endurskoðun	150.000.- kr.

SAMANLAGT ÁÆTLAÐ FYRIR 2026

4.860.000.- kr.

Lagt fram á héraðsfundum 2025

Ársskýrsla frá 1. janúar 2024 til 30. apríl 2025

AÐ LOKUM

Það er komið að leiðarlokum hjá mér í starfi svæðisstjóra æskulýðsmála á höfuðborgarsvæðinu. Það er búið að vera bæði lukka og áskorun. Mér þykir undurvænt um kirkjuna og hún mun alltaf standa mér nálægt. Prófasturinn minn - Bryndís Malla Elíðóttir og skrifstofustjóri biskupsstofu Ragnhildur Ásgeirsdóttir fá þakkir fyrir að styðja við mig andlega og tilfinningalega í gegnum þyngsta tíma lífs míns. Ég fékk persónulegt verkefni í hendur, sem ég mun þurfa að melta ævina á enda. En gæfan er víða og margir tengja örugglega við það - það er fyrst og fremst fjölskyldan, góðir vinir í leik og starfi og ekki síst áhugaverðir og þroskandi vinnustaðir. Talandi um verkefni, sem hafa áhrif. - Ég fékk stutt tímabundið verkefni inn í allt þetta. - Það var að kenna á kvöldnámskeiði stríðshrjáðu fólki frá Gasa. Ég hef tekið að mér mörg starfstengd verkefni í gegnum lífið - og er þetta eitt af því áhrifamesta. Að kenna fólki að lesa og skrifa - sem hefur sumt hvert ekki lært að lesa og skrifa á sínu eigin tungumáli - vegna þess að áherslurnar voru ekki þar og eða búið var að sprengja upp skólakerfið í orðsins fyllstu merkingu. Á einum tímapunkti féll sprengja á Gasa með þeim afleiðingum að hátt í 130 manns létust og meiri hlutinn börn. - Hópurinn sat hljóður. Sorgin var áþreifanleg - en það sem kom í kjölfarið var magnað - þau fóru að brosa aftur og hughreysta hvert annað með húnor og gleði. Þau eru sannfærð um að Guð er með þeim öllum stundum þrátt fyrir sorg og missi, sem þau báðu ekki um. Af hverju er ég að nefna þetta? Jú, það er vegna þess að þrátt fyrir allt var leitað til mín og ég nánast dreginn undan sænginni eða úr stólnum og spurð hvort ég vildi mæta þessu fólki. *Allt hefur sinn tíma* - eins og stendur í ágætri bók. Að sjá sorgina í augum þeirra og á sama tíma finna fyrir allri gleðinni - einingunni - hefur verið bæði lærdómsríkt og heilandi. Megi nýr svæðisstjóri æskulýðsmála á höfuðborgarsvæðinu verða farsæl/farsæll/farsælt í starfi og njóti alls sem kirkjan hefur að bjóða. Það er einnig velkomið að hafa samband - ef stemning er fyrir því.

Með vinsemd og virðingu, Anna Elísabet Gestsdóttir djákni og bráðum fráfarandi svæðisstjóri æskulýðsmála fyrir Kjalarneff.- og Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra og vestra.

Lagt fram á héraðsfundum 2025